

Reykjavík, 10. apríl 2018
R18030216
6726

Borgarráð

Hafnartorg og Austurhöfn - umhverfislistaverk - auðkenni svæðisins

Lagt er til að umhverfis- og skipulagssvið og menningar- og ferðamálasvið hefji viðræður við Reginn hf. um samstarf og samvinnu við skipulagningu og uppbyggingu á nýju verslunar- og veitingasvæði á Hafnartorgi og við Austurbakka með það að markmiði að efla og styrkja svæðið. Samstarf myndi m.a. tengjast umhverfislistaverki og auðkenni svæðisins. Sjá nánar hjálögð bréf.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Bréf Regins hf. til Reykjavíkurborgar, dags. 26. mars 2018.
Umhverfislistaverk við Austurhöfn, dags. febrúar 2018.

Reykjavíkurborg
b.t. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri,
Hjálmar Sveinsson formaður Umhverfis- og skipulagsráðs
Ráðhús
101 Reykjavík

Málsnr.: R18030216
Skjalasafn Ráðhúss

03. apríl 2018

Bréfalykill: 6726

Kópavogi, 26. mars 2018

Efni: Hafnartorg og Austurhöfn – Umhverfislistaverk - Auðkenni svæðisins

Vísað er til kynningarfundar með fulltrúum Reykjavíkurborgar þann 13. mars s.l. um áherslur og markmið Regins hf. við skipulagningu og uppbyggingu á nýju verslunar- og veitingasvæði á Hafnartorgi og við Austurbakka.

Reginn óskar eftir nánu samstarfi og samvinnu við Reykjavíkurborg til að efla og styrkja svæðið. Sérstaklega er verið að horfa til samstarfs er lítur að auðkenni og ásýnd svæðisins. Eftirfarandi eru þættir sem óskað er eftir samstarfi um:

Umhverfislistaverk - Tenging við Hörpu – Samkeppni um listaverk innan svæðis


- Hugmynd Regins er að stuðla að því að ráðist verði í umhverfislistaverk sem tengir saman gamla miðbæinn við nýja borgarmynd Reykjavíkur á svæðinu frá Hafnartorgi og að Hörpu.
- Verkefnið myndi hafa snertiflöt við Hafnartorg og þær byggingar sem þar eru að rísa; nýju Landsbankabygginguna, fyrirhugað Reykjavík Edition hótél, svæði 5b þar sem verða veitingastaðir, verslanir og íbúðir sem og Hörpu.
- Eigendur lóða og bygginga og rekstraraðilar á svæðinu sameinist um að vinna að verkefni sem muni auðkenna svæðið, draga athygli að því og styrkja.
- Haldin verður samkeppni þar sem kallað verður eftir hugmyndum sem unnar verða fyrir og út frá götumynd og arkitektúr svæðisins.
- Vísað er í meðfylgjandi tillögur um nálgun á verkefninu sem hafa verið unnar fyrir Reginn.

Auðkenni og kennileiti, nafn á svæðum og götum

- Stór hluti af markaðssetningu svæðisins er að auðkenni, kennileiti og nöfn höfði sterkt til þeirra markhópa sem horft er til.
- Hér er varpað fram þeirri hugmynd að hagsmunaaðilar á svæðinu kanni hvort vilji sé til þess að vinna sameiginlega að auðkenni o.p.m.t. markaðssetningu svæðisins.

Virðingarfyllt,

f.h. Reginn hf.



Helgi S. Gunnarsson

Forstjóri Regins hf.

Afrit: Ólöf Örvardóttir, sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar
Meðeigendur að lóðum og mannvirkjum á svæðinu.
Fylgiskjöl: Umhverfislistaverk í Austurhöfn. Hugmynd unnin að beiðni Regins.

Málsnr: 218030216
Skjalasafn Ráðhúss

04. apríl 2018

Bréfalykill: 6726

Umhverfislisterk í Austurhöfn

Hugmynd unnin að beiðni Regins

Febrúar 2018
Þorvaldur S. Helgason
B.A. í Sviðslistum

Inntak

- Hugmynd Regins er að stuðla að því að ráðist verði í umhverfislitaverk sem tengir saman gamla miðbæinn við nýja borgarmynd Reykjavíkur á svæðinu frá Hafnartorgi og að Hörpu.
- Verkefnið myndi hafa snertiflöt við Hafnartorg og þær byggingar sem þar eru að rísa; nýju Landsbankabygginguna, fyrirhugað Reykjavík Edition Hotel, svæði 5b þar sem verða veitingastaðir, verslanir og íbúðir sem og Hörpu.
- Eigendur lóða og bygginga og rekstraraðilar á svæðinu sameinist um að vinna að verkefni sem muni auðkenna svæðið, draga athygli að því og styrkja.
- Haldin verður samkeppni þar sem kallað verður eftir hugmyndum sem unnar verða fyrir og út frá götumynd og arkitektúr svæðisins.

Listræn markmið

Verkefnið býður upp á einstaka möguleika til að tengja saman menningu, sögu, náttúru og umhverfi Reykjavíkur á listrænan hátt. Eitt af markmiðum þess er að fá gangandi vegfarendur til að skynja borgarmynd Reykjavíkur á nýjan máta og gera upplifun þeirra af svæðinu bæði persónulegri og heildrænni. Unnið verður út frá sérkennum Austurhafnar svo úr verður eins konar staðbundið verk (e. site specific) sem hnýtir saman hina fjölmörgu króka og kima svæðisins.

Hagnýt markmið

Verkefni sem þetta gæti haft í för með sér ýmis hagnýt áhrif sem nýst gætu eigendum, rekstraraðilum og öðrum hagsmunaaðilum á svæðinu. Verkefnið myndi skapa svæðinu og einstaka einingum þess sérkenni sem myndi auka aðdráttarafli þess og fá fólk til að dvelja þar lengur. Möguleg hliðaráhrif þess gætu m.a. verið auknið flæði gangandi vegfarenda á Norður-Suður ásunum og útvíkkun miðbæjarins í Norð-Austur. Ef vel tekst til gæti það orðið auðkenni svæðisins og áfangastaður í sjálfu sér fyrir viðskiptavinum, íbúa og ferðamenn.

Efni og bemu

Í jafn umfangsmiklu verkefni er mikilvægt að skilgreina frá upphafi út frá hvaða hugmyndafræði það verður unnið og afmarka snertiflöt þess. Ein leið til að afmarka verkefnið er að velja ákveðin hugtakapör sem yfirlýst bemu samkeppninnar. Þessi bemu myndu setja tóninn fyrir fyrirhugað verk og skapa því ramma sem endurspeglar myndi tenginguna við náttúru og umhverfi Reykjavíkur.

Dæmi um hugtakapör sem hægt væri að vinna með:

- Náttúra og borg
- Saga og menning
- Ljós og myrkur
- Eldur og ís
- Himinn og haf

Útfærslur

Til að gera betur grein fyrir mögulegri útkomu verkefnisins eru hér nokkur dæmi um hugsanlegar útfærslur:

- Gallerí sem sett væru upp á nokkrum mismunandi stöðum, frá Hafnartorgi og að Hörpu. Afmörkuð væru lítil rými í völdum byggingum sem myndu þjóna hlutverki gallerís til frambúðar eða tímabundið. Hvert gallerí myndi skipa sitt eigið listræna ráð sem myndi

hafa umsjón með sýningum og viðburðum sem þar færur fram. Jafnframt yrði stofnað félag með öllum galleríum svæðisins þar sem þau gætu mótað og skipulagt framtíðarstefnu sína í sameiningu.

- Ljóslistaverk sem myndi hlykkjast í gegnum Reykjastraeti frá gamla miðbænum að Hörpu. Ljós og speglar væru sett upp á völdum stöðum í götunni og/eða á byggingum svo úr yrði eins konar ljósadans sem ferðast myndi um strætið. (Tenging við glerhjúp Ólafs Elíassonar í Hörpu.)
- Textaverk sem sett væri upp á götu, gangstétt og völdum byggingum á Hafnartorgi. Brot úr rúmlega 1000 ára sögu íslenskrar ljóðlistar myndu blasa við gangandi vegfarendum sem myndi skapa tengingu við menningu og sögu lands, þjóðar og borgar.
- Sólúr sem væri sett upp á torgi á svæðinu. Sólúrið væri gert úr efni sem myndi bregðast við síbreytilegu veðurfari landsins og verkið myndi því breytast milli árstiða og með gangi sólarinnar.

Framkvæmd


Til að raungera verkefni af þessari stærðargráðu er mikilvægt að eigendur, hagsmuna- og rekstraraðilar svæðisins vinni saman að stefnumótun og framkvæmd þess. Stofnað yrði teymi með fulltrúum frá helstu hlutaðeigendum (svo sem Landsbankanum, Regin, Reykjavíkurborg, Hörpu ofl.) sem vinna myndu að þróun hugmyndarinnar.

Auk þess yrðu ráðnir listrænar stjórnendur og dómnefnd fyrir samkeppnina.

Verkerill

- 1. Undirbúningur** – Hugmynd rædd og mótuð. Listrænis stjórnendur ráðnir.
Aðilar: Eigendur lóða og bygginga, rekstraraðilar, Reginn, Reykjavíkurborg, listrænis stjórnendur.
- 2. Hugmynd sett í farveg** – Unnið í teyllum að skipulagningu, fjármögnun og kynningu hugmynda.
Dómnefnd ráðin fyrir samkeppni.
Aðilar: Listrænis stjórnendur ásamt fulltrúum frá eigendum, Regin og borginni, kynningarfulltrúar.
- 3. Samkeppni** – Samkeppnin sett í gang og kynnt í öllum helstu fjölmiðlum.
Aðilar: Listrænis stjórnendur, dómnefnd, kynningarfulltrúar.
- 4. Mat/val** – Dómnefnd velur vinningstillöguna úr innsendum tillögum.
Aðilar: Dómnefnd.
- 5. Uppsetning** – Vinningstillagan framkvæmd og sett upp á viðeigandi stað.
Aðilar: Listamaður/menn, listrænis stjórnendur, verktakar, eigendur lóða og bygginga.
- 6. Opnun** – Verkið opinberað á hátíðlegri opnun.
Aðilar: Allir sem komu að verkefninu, listamaður/menn, almenningur.

Dæmi um sambærileg verk hérlandis og erlendis



Ólafur Eliasson – New York City Waterfalls, Brooklyn brúin



Jón Gunnar Árnason – *Sólfaríð*, Sæbraut




Yoko Ono – Friðarsúlun, Viðey



Ólafur Eliasson – Glerhjúpur, Harpa





Ólafur Eliasson – Glerhjúpur, Harpa



reginn.is

hafnartorg@reginn.is

sími 512 8900

